

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

10. fundur.

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 25. nóvember 2010, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fundargerð Héraðsnefnd dags. 15. nóv.
3. Erindi frá Ólafi H. Jónssyni f.h. LR.
4. Ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu í Þingeyjarsýslum (uppbygging orkufreks iðnaðar í byrjun næsta árs), 120. mál.
5. Ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu í Þingeyjarsýslum (tafarlausar viðræður við Alcoa og Bosai Mineral Group), mál 102.
6. Erindi frá Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, styrkbeiðni.
7. Atvinnumál.
8. Hitaveitumál.
9. Samþykktir um fundarsköp, var frestað á fundi 28. okt.
10. Ráðningarsamningur sveitarstjóra.
11. Bréf frá formönnum landeigenda Reykjahlíðar og Voga vegna deiliskipulags í Bjarnarflagi.
12. Erindi frá Pétri Snæbjörnssyni f.h. Reynihlíðar hf.
13. Tölvupóstur frá Sambandi ísl. sveitarfélaga vegna ákvörðunar um útsvarprósentu.

Til kynningar:

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik Jakobsson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund.

2. Fundargerð Héraðsnefnd dags. 15. nóv.

Í öðrum lið fundargerðarinnar er tekin fyrir fjárhagsáætlun Héraðsnefndarinnar. Þar er gert ráð fyrir nokkurri lækkun frá áætlun 2010. Í þriðja lið fundargerðarinnar er tekin fyrir fjárhagsáætlun MMP. Þar er gert ráð fyrir sömu krónutölu og fyrir árið 2010.

Aðrir liðir fundargerðarinnar þarfnast ekki ályktunar við. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

3. Erindi frá Ólafi H. Jónssyni f.h. LR.

Með bréfi dags. 10. nóv. óskar Ólafur H. Jónsson f.h. Landeigenda Reykjahlíðar eftir að sveitarstjórn mótmæli formlega auglýsingu um aðalskipulag í Þingeyjarsveit þar sem ágreiningur er um landamerki í Gjástykki sem er hluti af því svæði sem er til skipulagsmeðferðar. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps telur ekki forsendur til að mótmæla heimild Þingeyjarsveitar til skipulagsmeðferðar á umræddu svæði, enda er einungis verið að staðfesta ákvæði Svæðisskipulags háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025, sem sveitarstjórn Skútustaðahrepps tók fullan þátt í að gera og hefur þegar samþykkt.

Oddvita falið að svara erindinu.

Sveitarstjóri vék af fundi undir þessum lið.

4. Ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu í Þingeyjarsýslum (uppbygging orkufreks iðnaðar í byrjun næsta árs), 120. mál.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps fagnar áhuga flutningsmanna tillögunnar á nýtingu orkunnar á háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum, til atvinnuuppbyggingar. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps skorar á alþingismenn og ríkisstjórn Íslands að taka nú höndum saman og leysa þetta mál til farsældar fyrir Þingeyinga og þar með landsmanna allra. Sveitarstjórn brýnir alþingismenn að standa vörð um grunnþjónustu í héraðinu svo sem Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og stoðþjónustu svo sem Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga.

5. Ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um atvinnuuppbyggingu og orkunýtingu í Þingeyjarsýslum (tatarlausar viðræður við Alcoa og Bosai Mineral Group), mál 102.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps fagnar áhuga alþingismanna á nýtingu orkunnar á háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum, til atvinnuuppbyggingar. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps skorar á alþingismenn og ríkisstjórn Íslands að

taka nú höndum saman og leysa þetta mál til farsældar fyrir Þingeyinga og þar með landsmanna allra. Sveitarstjórn brýnir flutningsmenn tillögunnar að standa vörð um grunnþjónustu í héraðinu svo sem Heilbrigðisstofnun Þingeyinga og stoðþjónustu svo sem Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga.

6. Erindi frá Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, styrkbeiðni.

Með bréfi dags. 22. nóvember óskar Guðrún Hilmarsdóttir f.h. LSS eftir stuðningi sveitarfélaga við eldvarnarátak 2010. LSS hefur um árabil staðið straum af kostnaði vegna eldvarnarfræðslu til grunnskólabarna og fjölskyldna þeirra. Slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn munu þá heimsækja nemendur í þriðja bekk grunnskóla um land allt, ræða við þá um eldvarnir og afhenda þeim og fjölskyldum þeirra vandað fræðsluefni um eldvarnir. Sveitarstjórn samþykkir styrk kr. 20. þús.

7. Atvinnumál.

Nokkrar umræður urðu um atvinnuástand í sveitarfélaginu. Samþykkt að senda Iðnaðráðherra bréf og óska eftir upplýsingum um hvað varð af 90 milljónum kr. sem er mismunur á því fé sem lagt var til sem hlutafé í Grænum lausnum og 200. milljónum kr. sem lofað var í gegnum Nýsköpunarsjóð til atvinnuuppbyggingar í hreppnum við lokun Kísiliðjunnar. Þá bendir sveitarstjórn á að þegar Kísiliðjan var seld var 20. milljónum kr. af því fé varið til kaupa á hlut í Baðfélagi Mývatnssveitar. Það hlutafé er nú selt og gera heimamenn þá kröfu að þeim peningum verði aftur varið til eflingar atvinnulífs í Skútustaðahreppi.

8. Hitaveitumál.

Í ljósi samþykktar sveitarstjórnar á fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar á síðasta fundi þess efnis að ekki eru forsendur til stækkunar á dreifikerfi hitaveitunnar samþykkir sveitarstjórn að kanna áhuga þeirra sem eru utan dreifikerfisins á öðrum leiðum til lækkunar á húshitunarkostnaði.

9. Samþykktir um fundarsköp, var frestað á fundi 28. okt.

Breytingum á samþykktunum vísað til síðari umræðu.

10. Ráðningarsamningur sveitarstjóra.

Frestað til næsta fundar.

11. Bréf frá formönnum landeigenda Reykjahlíðar og Voga vegna deiliskipulags í Bjarnarflagi.

Með bréfi dags. 22. nóvember óska Ólafur H. Jónsson og Jóhann Kristjánsson f.h. landeigenda Reykjahlíðar og Voga eftir rökstuðningi sveitarstjórnar á heimild til auglýsingar á deiliskipulagi í Bjarnarflagi án samþykkis landeigenda.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps leitaði lögfræðialits varðandi málið.

Samkvæmt lögfræðialitinu er framkvæmdaaðila heimilt að vinna tillögu að deiliskipulagi og óska eftir að það sé auglýst án samþykkis landeigenda enda ekki um framkvæmdaleyfi að ræða. "Framkvæmdir er ekki hægt að hefja

nema fyrir liggi deiliskipulag, byggingar- eða framkvæmdaleyfi og samþykki viðkomandi landeigenda."

Lögfræðialitið verður sent formönnum landeigenda Reykjahlíðar og Voga.

Oddvita falið að svara erindinu.

Sveitarstjóri vék af fundi undir þessum lið.

12. Erindi frá Péttri Snæbjörnssyni f.h. Reynihlíðar hf.

Með bréfi dags. 19. nóvember óskar Pétur Snæbjörnson eftir lóð til byggingar 500 m² iðnaðarhúsnæðis sem hýst gæti þvottþjónustu. Gera þarf ráð fyrir rými fyrir lestun og losun flutningstækja.

Sveitarstjórn fagnar erindinu og mun kanna hvort hægt sé að koma nefndri byggingu fyrir á þegar skipulögðu iðnaðarsvæði við Múlaveg.

13. Tölvupóstur frá Sambandi ísl. Sveitarfélaga vegna ákvörðunar um útsvarsprósentu.

Á fundi sveitarstjórnar 18. nóvember var tekin ákvörðun um að útsvarsprósentu ársins 2011 yrði óbreytt frá fyrra ári þ.e. 13,28%. Vegna tölvupóst sem barst frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga gerir sveitarstjórn þann fyrirvara á fyrri samþykkt að ef að nauðsynlegar lagabreytingar nái fram að ganga á Alþingi um tilfærslu þjónustu fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga og hækkun útsvarshlutfalls um 1,20% prósentustig sem af því leiðir, verður álagningarhlutfallið 14,48% á árinu 2011.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétursson,

Karl Emil Sveinsson,

Eyrún Björnsdóttir,

Friðrik Jakobsson.